

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 60/2016

2017/EES/66/20

frá 18. mars 2016

um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, (hér eftir „EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2174 frá 24. nóvember 2015 um leiðbeinandi yfirlit yfir þjónustugeira fyrir umhverfistengdar vörur og þjónustustarfsemi, snið gagnasendinga vegna evrópskra umhverfisreikninga og fyrirkomulag, uppbygging og tíðni gæðaskýrslna samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 691/2011 um evrópska umhverfisreikninga ⁽¹⁾.
- 2) XXI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 27c (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 691/2011) í XXI. viðauka við EES-samninginn:

„27ca. **32015 R 2174**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2174 frá 24. nóvember 2015 um leiðbeinandi yfirlit yfir þjónustugeira fyrir umhverfistengdar vörur og þjónustustarfsemi, snið gagnasendinga vegna evrópskra umhverfisreikninga og fyrirkomulag, uppbygging og tíðni gæðaskýrslna samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 691/2011 um evrópska umhverfisreikninga (Stjútíð. ESB L 307, 25.11.2015, bls. 17).“

*2. gr.*Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2015/2174, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 19. mars 2016, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

*4. gr.*Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 18. mars 2016.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 307, 25.11.2015, bls. 17.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.